

GJALDSKRÁ
fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í
Borgarnesi árið 2006.

1. gr.

Skráningargjald sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi skal árið 2006 vera kr. 3.000 og greiðast við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð c í 2. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 8.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 2. janúar 2006.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2006